



FUNDARGERÐ

Skólanefndarfundur

Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Margrét Helga Hallsd.	26.03.2026	10-12	Margrét H.	26.03.2026
Mættir: Álfhildur Leifsdóttir, Bryndís Kristín Þráinsdóttir Williams, Hanna Þrúður Þórðardóttir, Grímur Rúnar Lárusson (í fjarfundabúnaði), Ingvar Páll Ingvarsson, Selma Barðdal, Laufey Leifsdóttir, Guðrún Ottósdóttir, Grétar Karlsson, Sara Níelsdóttir, Margrét Helga Hallsdóttir, Steinunn Daníela Jóhannesdóttir.				
Fjarverandi: Halldór Gunnar Ólafsson				

Dagskrá
1. Skólahald vorannar
2. Nemendatölur
3. Mannahald
4. Húnsæðismál
5. Fjármál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	Laufey aðstoðarskólameistari fór yfir nýjar skólasóknarreglur sem tóku gildi um áramót. Þar er miðað við að nemendur hafi þriggja vikna	

	<p>svigrúm og fari ekki niður fyrir 80% í raunmætingu. Selma, skólameistari sagði frá opnum dögum og FNV-leikum. Árshátíð nemenda var haldin í lok opinna daga og tókst mjög vel. Skólafundur var haldinn þann 18. febrúar þar sem fjallað var um skólabrag. Helstu áhersluorð frá bæði nemendum og starfsfólki voru virðing, samvinna, gleði og jákvæðni. Þá kom fram hjá nemendum að félagslíf skiptir þau miklu máli þegar kemur að skólabrag.</p> <p>Selma og Laufey sögðu einnig frá heimsókn 10. bekkinga sem var boðið á kynningu á skólanum og á leiksýninguna Stella í orlofi í lok febrúar.</p> <p>Selma kynnti fyrirhugaðar breytingar á íþróttakademíu. Hingað til hefur hún verið einskorðuð við körfubolta og fótbolta, en stefnt er að því að bæta við fleiri greinum, s.s. golfi, frjálsum íþróttum, hestaíþróttum og júdó. Nemendur í akademíu munu einnig vera í sameiginlegum bóklegum tíma hjá umsjónarmanni innan skólans. Einnig var sagt frá breytingum á íþróttatímum í skólanum en nú geta nemendur valið um að fara í hefðbundna íþróttatíma, boltaíþróttir, hot fit, jóga, spinning eða þrek.</p>	
2.	<p>Grétar fór yfir nemendatölur og skiptingu á brautir. Á vorönn 2026 eru 795 nemendur við skólann, samanborið við 804 nemendur á vorönn 2025.</p>	
3.	<p>Selma fór yfir stöðu starfsmannamála. Katrín Ingólfssdóttir hóf störf um áramót sem kennari á starfsbraut. Einnig var farið yfir breytingar á starfsmannahaldi næsta skólaárs.</p> <p>Alls starfa 69 starfsmenn við skólann í 58,5 stöðugildum.</p>	

4.	Skólinn er í góðu samtali við ráðuneytið sem stendur um að finna bestu leiðir til að viðbygging við skólann verði að veruleika sem fyrst. Í því skyni er verið að skoða teikningar/hönnun og gert ráð fyrir fundi í ráðuneyti þar um í apríl.	
5.	Guðrún Ottósdóttir, fjármálastjóri sagði frá uppgjöri vegna ársins 2025. Rekstrarkostnaður alls er 1.412.617.624, sértekjur eru 136.487.432, gjöld umfram sértekjur eru samtals 1.276.130.192, framlag ríkissjóðs er 1.354.120.786. Afgangur ársins 2025 er 77.990.594 Fjárfestingarfjárveiting í árslok 2025 er 6.090.299.	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):